

Komiði sæl!

Ég heiti Margrét Unnarsdóttir og er fráfaramandi formaður Sviðsráðs heilbrigðisvísindasviðs í Stúdentaráði Háskóla Íslands. Mig langar að deila með ykkur nokkrum atriðum sem mér finnst varða sérstöðu nemenda á heilbrigðisvísindasviði og nám þeirra.

Nám á heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands er frábrugðið námi á öðrum sviðum hvað varðar það að almennt hefst klínískt nám snemma á námsferli nemenda. Í klínísku námi fá nemendur að læra starfshætti síns framtíðarstarfs og fá jafnvel að starfa í samvinnu við útskrifað háskólamenntað starfsfólk og leggja sitt af mörkum við verkefni í starfi sem nemendur í þjálfun. Klínískt nám gerir nemendum kleift, að námi loknu, að starfa við það sem fræðilegt nám þeirra byggist á. Upplifun nemenda í klínísku námi gefur þeim ákveðna ímynd um framtíðar starfsumhverfi sitt og því má segja að klínískt nám nemenda á heilbrigðisvísindasviði hafi grundvallaráhrif á hæfni nemenda í starfi sem og hafi gríðarleg áhrif á mótun viðhorfs nemenda til framtíðar starfsumhverfis síns.

Síðastliðið skólaár hefur einkennst af mikilli kjarabaráttu. Verkfall lækna síðastliðið haust hafði gífurleg áhrif á heilbrigðisþjónustu allra landsmanna en einnig á nám nemenda á heilbrigðisvísindasviði. Nú í dag stendur yfir verkfall Bandalags háskólamanna þar sem nokkrar heilbrigðisstarfstéttir hafa lagt niður störf, s.s. lífeindafræðingar, geislafræðingar, sálfræðingar, ljósmæður og sjúkrabjálfarar.

Þar sem nám nemenda á heilbrigðisvísindasviði er mjög samtvinnað starfsemi á atvinnuvettvangi er mikilvægt að gera sér grein fyrir þeim áhrifum sem staða heilbrigðismála dagsins í dag hefur á mótun framtíðarviðhorfa nemenda að loknu námi.

Síðastliðið haust gerði Sviðsráð heilbrigðisvísindasviðs könnun á viðhorfum verknámsnemenda heilbrigðisvísindasviðs til heilbrigðismála á Íslandi, Landspítalans og framtíðar að loknu námi. Álík könnun var gerð í fyrsta skipti haustið 2013 að frumkvæði þess starfandi Sviðsráðs og kom sú könnun mjög neikvætt út. Þess vegna ákváðum við í Sviðsráði í ár að endurtaka leikinn og skoða hvernig viðhorf nemenda væri að þróast. Niðurstöður könnunarinnar í ár

voru álíka neikvæðar og kom m.a. í ljós að 52% nemenda upplifa klíniska kennara sína ekki hafa nægan tíma til að sinna kennslu, aðeins 17% nemenda sjá Landspítalann sem sinn framtíðarvinnustað og um 50% nemenda íhuga að flytja erlendis að námi loknu. Fjallað var um niðurstöður í fjölmiðlum og í kjölfarið var fundur með forstjóra Landspítala, Páli Matthíassyni, Ingu Þórsdóttur, sviðsforseta HVS og deildarstjórum sem áttu hlut í könnuninni. Það má því gera sér í hugarlund hvort núverandi kjarabarátta heilbrigðisstétta og almenn staða heilbrigðismála hafi áhrif á mótun viðhorfa nemenda á heilbrigðisvísindasviði. Mikilvægt er að kanna þau samfélagáhrif sem nemendur á heilbrigðisvísindasviði eru undir þegar nám þeirra stendur yfir. Staða heilbrigðismála og kjarabarátta heilbrigðisstétta dagsins í dag hefur því mögulega ekki aðeins áhrif á komandi biðlista næstu mánuði heldur einnig á mönnun komandi heilbrigðisstétta næstu árin.

Nám nemenda á heilbrigðisvísindasviði sker sig einnig úr frá námi á öðrum sviðum hvað varðar húsnæði eða aðstöðu. Nemendur á sviðinu eru við nám í mörgum byggingum Háskólans sem eru dreifðar yfir stórt svæði. Það hefur þau áhrif að nemendur í mismunandi deildum sviðsins eru einangraðir frá hvorum öðrum og það ýtir undir lítil samskipti á milli nemenda úr mismunandi greinum. Það er mjög mikilvægt að nemendur þekki að einhverju leyti til náms annarra greina vegna þess að þegar námi lýkur þá þurfum við að vinna öll saman sem heild í starfi. Heilsutorg, þverfræðilegur áfangi og heilbrigðisþjónusta, er einmitt tilraun til þess að gefa nemendum frá mismunandi greinum tækifæri til að vinna saman og er frábært framtak til þess.

Sem tilraun okkar í Sviðsráði heilbrigðisvísindasviðs til þess að hafa áhrif á meiri þverfræðilega samvinnu nemenda þá stofnuðum við Fulltrúaráð nemenda á heilbrigðisvísindasviði vorið 2014 og hóf það upphaflega göngu sína síðastliðið haust. Hver námsgrein á sviðinu hefur aðgang að ráðinu og skipar fyrir sína hönd sinn fulltrúa. Með tilkomu Fulltrúaráðsins er hægt að auka samstöðu og samvinnu nemenda á heilbrigðisvísindasviði, t.d. í kennslumálum, hagsmunamálum og félagslífi. Í ár fundaði ráðið 1x í mánuði og afsprengi af þeim fundum var m.a. Heilsudagur HÍ sem var haldinn síðastliðinn 19.mars á Háskólatorgi. Þá komu nemendur frá öllum greinum sviðsins saman til að fræða

nemendur og starfsmenn HÍ um ýmislegt sem varðar heilsu. Í tilefni dagsins voru kynningarbásar frá öllum greinum HVS og annarri starfsemi tengd heilbrigði á Háskólatorgi, pallborðsumræður voru um umdeildar staðhæfingar tengdar heilsu þar sem þrír sérfræðingar sátu fyrir svörum og tveir fyrirlestrar voru haldnir í Stúdentakjallara. Dagurinn hefði ekki getað orðið nema vegna þessa þverfræðilega samstarfs sem Fulltrúaráðið hafði upp á að bjóða. Við í Sviðsráði HVS erum afskaplega stolt af framtakinu og vonumst til að Fulltrúaráðið muni dafna með komandi árum og Heilsudagurinn verði árlegur viðburður í viðburðadagatali HÍ héðan í frá.

Að mínu mati finnst mér mikilvægt að hafa þessa tvo þætti í huga fyrir nemendur á Heilbrigðisvísindasviði. Bæði upplifun nemenda í verknámi og samvinna nemenda úr mismunandi greinum.

En að lokum langar mig að þakka mínu frábæra samstarfsfólki í Sviðsráði HVS, Valgerði Bjarnadóttur, Sigþóri Jens Jónssyni, Sigvalda Sigurðarsyni og Páli Óla Ólasyni og einnig öllum meðlimum Fulltrúaráðs nemenda á heilbrigðisvísindasviði. Einnig vil ég þakka Ingunni Eyþórsdóttur, upplýsinga- og vefstjóra sviðsins, Vilborgu Loftsdóttur, rekstrarstjóra sviðsins og Ingu Þórsdóttur, sviðsforseta, fyrir frábært samstarf á árinu.

Það hefur verið mér sannur heiður og mjög ánægjuleg reynsla að kynnast ýmsum hliðum af Heilbrigðisvísindasviði og öllum þeim manneskjum sem hafa verið á vegi mínum við þá reynslu.

Takk kærlega fyrir!